

Fundur í Betadeild 25. apríl 2007

haldinn í Giljaskóla

Dagskrá;

1. Setning fundar
 2. Fundargerð síðasta fundar lesin.
 3. Kynning á konu; Ragnheiður Kjærnested
 4. Afmæli Betadeildar 2. júní
 5. Önnur mál
 - a. Landsambandsþing;
-dagskrá Betadeildar, akstur, húsnæði og fl.
 - b. Evrópuþing;
-hverjar fara, flug, gisting og fl.
 - c. Vetrarstarfið;
-litið til baka.
 - d. Annað!
 6. Gestafyrirlestur: Kristín S. Árnadóttir íslenskukennari í VMA fjallar um einkenni í skáldskap Arnaldar Indriðasonar. Erindi sitt byggir hún á meistaraþrófsritgerð sinni og nefnir fyrirlesturinn „Af hverju er Erlendur svona leiðinlegur?“
 7. Hapdrætti, kaffi og notalegt spjall.
-
1. María setti fund, óskaði gleðilegs sumars og þakkaði veturinn. Kveðjur höfðu borist frá konum sem ekki gátu mætt. Tvær konur sem ætluðu að koma sem gestir á fundinn höfðu einnig forfallast.
 2. Fundargerð síðasta fundar var lesin og samþykkt.
 3. Merkar konur. Ragnheiður Kjærnested kynnti tvær konur. Sú fyrri var Jakobína Björnsdóttir Fáfnis 1874 – 1941. Hún var ljósmóðir og starfaði víða um land en flutti síðar til Vesturheims. Eftir hana hefur komið út ljóðabókin Hvíli ég væng á hvítum voðum, 1943. Hin konan var Málfríður Friðgeirsdóttir 1851 – 1954. Eftir hana er bókin Vísur og vers, 1950.
 4. Afmæli Betadeildar 2. júní. María lagði fram til formlegrar samþykktar að fara til Húsavíkur 2. júní, eftir hádegisverð þar sem Heiðdís Norðfjörð yrði veitt viðurkenning Betadeildar. Var þetta samþykkt. Lýst var hugmyndum að dagskrá, en stjórn fékk síðan umboð til að ákveða hana nánar, sem og matseðla. Önnu Þóru og Rósu var falið að velja listmun til að gefa Heiðdís. Óformleg könnun á fundinum sýndi að flestar viðstaddra hugsuðu sér að taka þátt í dagskrá afmælisdagsins.
 5. Önnur mál:
 - a. Landsambandsþingið 5. og 6. maí. Kannað var hvaða konur væru ákveðnar í að fara og hverjar færu á bíl. Allmargar konur ætla að fara. Voru konurnar beðnar að skrá sig á lista í kaffihléi og eftir þeim verður raðað í bíla. Sögusýningarnefndin er tilbúin með sína sýningu. Nefndin um afmælisblossann hefur ákveðið að hætta við tiskusýninguna sem rædd hefur verið áður, en segja í staðinn örstutt frá jólabókafundunum sem Betadeild var fyrst til að taka upp. Síðan myndu Betakonur leika bókaitla frá mismunandi áratugum. Fundarkonum leist vel á þessa hugmynd.

b. Evrópuþing í London. Þær konur sem ætla að fara á Evrópuþingið voru beðnar að skrifa sig á lista í kaffihléi.

c. Vetrarstarfið. María rifjaði upp að á áætlun næsta vetrar væri að kynnast þróunarverkefnum á ýmsum skólastigum. Rætt var um tímasetningu funda, en endurskoða átti eftir veturinn hvort byrja ætti áfram kl. 19. Örlítið skiptar skoðanir voru um þetta en samþykkt var mótatkvæðalaust að hafa fundartímann áfram kl. 19.

6. Gestafyrirlestur: Kristín S. Árnadóttir íslenskukennari í VMA fjallaði um bækur Arnaldar Indriðasonar, en erindið var byggt á meistaraþrófsritgerð hennar. Fyrirlesturinn nefndi hún: „Af hverju er Erlendur svona leiðinlegur?“ Fjallað var m.a. um hvernig Erlendur sver sig í ætt við aðrar miðaldra, einmana og daprar karlkyns söguhetjur í norrænum lögreglusögum, og hvernig höfundur byggir upp persónur í bókunum og gerir þær trúverðugar. Einnig var fjallað um hvernig umfjöllunarefni bókanna endurspeglast í lífi söguhetjunnar, Erlends.
7. Happadrætti og kaffi. Um veitingar sáu Erna, Sigrún A. og Eygló. Dregið var í happadrættinu og fékk Sigrún Aðalgeirsdóttir vinninginn.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Selma Hauksdóttir